



Stærstu grjótin ávöl
eins og konur eftir Ásmund

minnsta víkin
mannlaus
laust rúm fyrir elskendur

náttrollin forspá
þung á brún

sem fellur að
og dagar

MENNINGARHÁTÍÐ

SELTJARNARNESS

DAGSKRÁ

8.-10. JÚNÍ 2007



ÁGÆTU SELTIRNINGAR

Það er með stolti og gleði sem menningarnefnd kynnir Menningarhátið Seltjarnarness 2007.

*Að þessu sinni er leiðarstef hátiðarinnar „fortíð mætir framtíð” og ber þar hæst sýningu ljósmynda úr fórum bræðranna Sigurðar og Ólafs Péturssona sem fengið hefur nafnið **Systir með sjóbatt**. Ljósmyndirnar eru ómetanleg heimild um daglegt líf á fyrri hluta síðustu aldar.*

Sjósókn er órjúfanlegur þáttur sögu Seltjarnarness en minnt verður á þá sögu með ýmsum hætti á hátiðinni meðal annars í sameiginlegum morgunverði Seltirninga á Eiðistorgi og á Fjörutónleikum.

Æska bæjarins kemur víða að menningarhátið og eru bæjarbúar hvattir til að láta ekki listsköpun ungu kynslóðarinnar framhjá sér fara.

Hátið sem þessi krefst mikils undirbúnings. Einstakt hefur verið að upplifa þann jákvæða anda sem mætt hefur skipuleggjendum hvarvetna í bæjarfélaginu. Menningarnefnd þakkar heilsbugar öllum sem lagt hafa hönd á plóginn til að gera hátiðina jafn glæsilega og raun ber vitni.

Góða skemmtun!

*F.h. menningarnefndar Seltjarnarness
Sólveig Pálsdóttir formaður*



FÖSTUDAGUR 8. JÚNÍ

15:00-16:00 BÓKASAFN SELTJARNARNESS

SETNING MENNINGARHÁTÍÐAR SELTJARNARNESS 2007

15:00 BÓKASAFN SELTJARNARNESS

Setning Menningarhátíðar Seltjarnarness í aðalsal og opnun listasýningar nemenda leikskólanna Mánabrekku og Sólbrekku. Handverkssýning eldri Seltirninga verður einnig í gangi og munir úr eigu Alberts vitavardar í Gróttuvita verða til sýnis.

Þá er ljósmyndasýningin *Systir með sjóhatt* aðalsmerki hátíðarinnar en sýningin samanstendur af myndum úr safni Ólafs og Sigurðar Péturssona. Sýnd verður kvikmynd Valdimars Leifssonar *Seltjarnarnesid þá og nú* um þá bræður Ólaf og Sigurð.

Sólveig Pálsdóttir formaður menningarnefndar ávarpar gesti. Nemendur Mánabrekku syngja nokkur lög. Jóhann Helgason bæjarlistamaður Seltjarnarness 2007 flytur lag sitt *Seltjarnarnesid*.

Allir velkomnir.

16:00-18:00 MÝRARHÚSASKÓLI

16:00-16:50 Leiklist. Nemendur Mýrarhúsaskóla flytja örverk um börn í sal skólans. Verkin nefnast; *Framtíðin, Í álögum, Týnd* og *Framboð og fjölmiðlar*. Höfundur og leikstjóri er Ásgeir Sigurvaldason.

17:00-17:15 Írsk þjóðlagatónlist flutt af nemendum Tónlistarskóla Seltjarnarness undir stjórn Ólafar Maríu Ingólfsdóttur og Sigríðar Friðjónsdóttur.

16:00-18:00 Sýning á þemavinnu nemenda 1.-6. bekkjar *Dýr í útrýmingarhættu*. Kvikmyndasýning, sýndar verða þrjár kvikmyndir teknar af Snæbirni Ásgeirssyni.

Eftirtaldir myndir verða sýndar; *100 ára afmæli Mýrarhúsaskóla árið 1975, Björgunarveitin Albert í leik og starfi* og *17. júní á Seltjarnarnesi 1971-1984*. Kvikmyndirnar eru í eigu Snæbjarnar Ásgeirssonar.



LAUGARDAGUR 9. JÚNÍ

10:00-12:00 EIÐISTORG

10:00 Síld eða sulta? Nesskip og menningarnefnd Seltjarnarness bjóða bæjarbúum til morgunverðar á Eiðistorgi.

Auk morgunverðargesta sjá Jón Þórisson leikmyndahöfundur, hljómsveitin 6íJazz, Ballettskóli Guðbjargar Björgvinsdóttir og danshópur Jóa um að skapa útgerðarstemningu.

10:00-14:00 BÓKASAFN SELTJARNARNESS

Ljósmyndasýningin *Systir með sjóþatt*, sýning á handverkum eldri Seltirninga, munir Alberts vitavarðar og listasýning nemenda leikskólanna Mánabrekku og Sólbrekku.

12:00-14:00 VALHÚSASKÓLI VIÐ SKÓLABRAUT

12:00-14:00 Stjörnuskoduunarfélag Seltjarnarness kynnir kíkinn og starfsemi félagsins.

14:00-15:00 SUNDLAUG SELTJARNARNESS

Gjaldfrjálst í laugina á milli kl. 13 og 15. Fullklæddum gestum velkomið að njóta dagskrár á bökkum laugarinnar.

14:00-15:00 Skólalúðrasveit Seltjarnarness leikur fyrir sundi undir stjórn Kára Húnfjörð Einarssonar.

14:20-14:30 Halldór Bergmann og fylgifiskar kenna Müllers æfingar.

14:30-14:40 Leiklistarfélag Seltjarnarness verður með gjörningu.

14:00-16:00 FÉLAGSMIÐSTÖÐIN SELIÐ

Opið hús. Kynning á starfsemi Selsins.

15:00-19:00 GAUJABÚÐ Í BAKKAVÖR

Opið hús hjá slysavarnadeildinni Vörðunni og Björgunarsveitinni Ársæli. Boðið verður upp á siglingu, kassaklífur, hjálma- og hjólaskoðun ásamt kynningu á unglíngastarfi.

15:00-18:00 VINNUSTOFUR LISTAMANNA

Vinnustofur listamanna verð opnar víðsvegar um Nesið. Sjá nánar á baksíðu.



16:00-19:00 FJÖRUTÓNLEIKAR Í BAKKAVÖR

Fjörutónleikar fyrir utan Gaujabúð. Fram koma hljómsveitirnar; *Blackout*, *Neighbours*, *Benni Hemm Hemm*, *Bertel*, *Fortuna*, *Sbogun* og <3 *Svanbívít*.

Opíð hús hjá slysavarnadeildinni Vörðunni og Björgunarsveitinni Ársæli í Gaujabúð. Veitingasala á tónleikasvæði.

18:30-02:00 FÉLAGSHEIMILI SELTJARNARNESS

Listaklúbburinn Nescafé stendur fyrir fögnuði.

Kl. 19:00 kvöldverður framreiddur. Kl. 21:00 hefjast tónleikar *Jazztrío Sunnu Gunnlaugs* ásamt óvæntri upphitun. Aðgangseyrir með jözzuðum kvöldverði kr. 3500.- Án kvöldverðar kr. 1000.-

Borða- og miðapantanir í síma 561 2031.

SUNNUDAGUR 10. JÚNÍ

11:00-12:00 SELTJARNARNESKIRKJA

11:00 Listamessa. Leiklistarfélag Seltjarnarness ásamt Sr. Örnú Grétarsdóttur með gjörninginn *Lífsblaupið* undir handleiðslu Bjarna Ingvarssonar. Tónlist: Guðni Franzson.

14:00-15:00 SKÓLABRAUT FÉLAGSRÝMI

Vor- og sumarljóðadagskrá Leiklistarfélags Seltjarnarness ásamt fjölbreytilegum tónlistaratriðum.

15:00-18:00 VINNUSTOFUR LISTAMANNA

Vinnustofur listamanna verða opnar víðsvegar um Nesið. Sjá nánar á baksíðu.

20:30-23:00 FÉLAGSHEIMILI SELTJARNARNESS

21:00 Popplög í VG dúr. Valgeir Guðjónsson og Jón Ólafsson skipa fámennasta sextett landsins. Aðgangseyrir kr. 500.- Snarl og drykkir í veitingasölu.

Bestu þakkir fær Blómastofan Eiðistorgi.

Ljód undir sjóhatti heitir *Gróttu*. Höfundur Sigurbjörg Prastardóttir.

Ókeypis aðgangur á alla viðburði nema annað sé tekið fram.



VINNUSTOFUR LISTAMANNA

verða opnar

laugardaginn 9. júní og sunnudaginn 10. júní

KL. 15:00-18:00

Rúna Gísladóttir myndlistarkona	
og bæjarlistamaður 2000 _____	Suðurströnd/ Bónushús
Guðrún Einarsdóttir listmálari	
og bæjarlistamaður 1999 _____	Suðurströnd/Bónushús
Sigrún Lýðsdóttir videolistamaður _____	Suðurströnd/Bónushús
Tom Goulden myndlistarmaður _____	Suðurströnd/Bónushús
Magnús Leifsson grafískur hönnuður _____	Suðurströnd/Bónushús
Ingibjörg Hjartardóttir glerlistakona _____	Suðurströnd/Bónushús
Kristján Steingrímur myndlistarmaður _____	Kirkjubraut 7
Ragna Ingimundardóttir leirlistakona	
og bæjarlistamaður 1998 _____	Nesvegi 109
Messíana Tómasdóttir myndlistarkona	
og bæjarlistamaður 2001 _____	Vesturströnd 2
Gerður Guðmundsdóttir myndlistarkona _____	Unnarbraut 18
Kristín Gunnlaugsdóttir myndlistarkona _____	Unnarbraut 20*
Sigurður Árnason myndlistarmaður _____	Miðbraut 12
Björg Ísaksdóttir listamaður _____	Austurströnd 10
Vinnustofa Tolla _____	Austurströnd 5
Þórhildur Jónsdóttir grafískur hönnuður _____	Austurströnd 3

*Aðeins opið á sunnudeginum 10. júní.

Í tilefni menningarhátíðar verður Rúna Gísladóttir, myndlistarkona og bæjarlistamaður árið 2000, með brúðusýningu 11. og 12. júní, kl. 16:00-20:00 að Látraströnd 7.

www.seltjarnarnes.is



SELTJARNARNESBÆR
Menningarnefnd

